

Úrbótaáætlun – afdrif drykkjarferna

	Úrbótaáætlun	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	ábyrð
1.	Óbreytt söfnunarkerfi													GGJ
1.1	Sér söfnun ferna frá rekstraraðilum og söfnunarstöðvum													GGJ
2.	Skylduflokkun													GGJ
2.1	Samtal/samningar við þjónustuaðila													GGJ
2.2	Fernur aðskildar til ráðstöfunaraðila													GGJ
3.	Þrepaskipt úrvinnslugjald													SBJ
3.1	Greining á möguleikum þrepaskiptingar													SBJ/DG
3.2	Tillögur um þrepaskiptingar gjalda													SBJ/DG
4.	Hærra endurgjald													DG
4.1	Kostnaðargreining endurvinnslu													GGJ/DG
5.	Beinir samningar við ráðstöfunaraðila													SBJ
5.1	Mat á hagkvæmni og valkostum													MK/SBJ
5.2	Mótun ákvæða, skilyrða og krafna til ráðstöfunaraðila													MK
6.	Samstarf við nágrannalönd													SBJ
6.1	Upplýsingaöflun frá EPR í nágrannalöndum													SBJ/GGJ

Ábyrgðaraðilar:

Guðlaugur G. Sverrisson (GGJ)

Sandra Brá Jóhannsdóttir (SBJ)

Daníel Gunnarsson (DG)

Margrét Kjartansdóttir (MK)

1. Óbreytt söfnunarkerfi

Söfnunarkerfi fyrir drykkjarfernur verði óbreytt, þ.e. að þeim verði hér eftir sem hingað til safnað frá heimilum og smærri rekstraraðilum með öðrum pappírsumbúðum. Þar sem aðstæður leyfa væri þó æskilegt að sér safna fernum frá stærri rekstraraðilum og á söfnunarstöðvum

1.1. Sér söfnun ferna frá rekstraraðilum og söfnunarstöðvum

Eiga þarf samráð og samtal við þjónustuaðila varðandi fýsileika þess að safna fernum sérstaklega.

2. Skylduflokkun

Drykkjarfernur og aðrar samsettar pappírsumbúðir verði flokkaðar frá öðrum pappírsúrgangi í flokkunarstöðvum og sendar þannig aðskildar til endurvinnslu.

2.1. Samtal/samningar við þjónustuaðila

Afla þarf frekari upplýsinga frá þjónustuaðilum um hvaða leiðir er verið að fara og hvaða árangri það er að skila þeim í dag í átt að því að töluleg markmiðum sé náð. Taka saman upplýsingar um nýtingarhlutfall ráðstöfunaraðila í dag á drykkjarfernum og sérhæfðra pappírverksmiðja.

2.2. Fernur aðskildar til ráðstöfunaraðila

Niðurstöður teknar saman varðandi bestu leiðir varðandi staðsetningu flokkunar þ.e. söfnunarstöð/ráðstöfunaraðili.

3. Þrepaskipt úrvinnslugjald

Úrvinnslugjald verði þrepaskipt, þannig að hærra gjald verði lagt á samsettar pappírsumbúðir en aðrar pappírsumbúðir

3.1. Greining á möguleikum þrepaskiptingar

Greina þarf möguleika til þrepaskiptingar með hliðsjón af núverandi fyrirkomulagi álagningar úrvinnslugjalds í tollakerfinu. Skoða þarf í því samhengi mögulegar útfærslur annars konar kerfa í löndunum í kringum okkur.

3.2. Tillögur um þrepaskiptingar gjalda

Niðurstöður greiningar teknar saman og tillögur um þrepaskiptingu gjalda lögð fram.

4. Hærra endurgjald

Greitt verði hærra endurgjald fyrir samsettar pappírsumbúðir til endurvinnslu en aðrar pappírsumbúðir, enda hafi þessir tveir umbúðaflokkar verið aðskildir (sbr. tölulið nr. 2 hér að framan)

4.1. Kostnaðargreining endurvinnslu

Greining á kostnaði við aukna flokkun vegna drykkjarferna til að ákvarða endurgjaldið til þjónustuaðila

5. Beinir samningar við ráðstöfunaraðila

Úrvinnslusjóður geri beina samninga við ráðstöfunaraðila með kröfum um að viðkomandi aðilar sýni fram á getu til sérhæfðrar endurvinnslu á drykkjarfernum, fylgi lögum og reglum um umhverfismál og um réttindi verkafólks, skili upplýsingum um losun mengunarefna í loft og vatn, uppfylli skilyrði um fjárreiður (þ.m.t. skil á virðisaukaskatti) og geri grein fyrir nýtingarhlutfalli og afkastagetu. Í samningum verði einnig ákvæði um meðhöndlun hliðarafurða (einkum plasts og áls), annað hvort í formi staðfestingar á samstarfi ráðstöfunaraðila við aðila sem annast efnisendurvinnslu þessara hliðarafurða eða í formi staðfesta áforma um slíkt samstarf. Loks verði í samningum ákvæði um mánaðarlega skýrslugjöf ráðstöfunaraðila til Úrvinnslusjóðs. Samningar af þessu tagi verði forsenda þess að ráðstöfunaraðili sé samþykktur af sjóðnum. Eftir sem áður verði fjármálagleg samskipti við ráðstöfunaraðila þó á hendi þjónustuaðila.

5.1. Mat á hagkvæmni og valkostum

Gera þarf samanburð á mismunandi valkostum þar sem borið er saman sú leið sem farin er í dag með skýrari samningum við þjónustuaðila um val á ráðstöfunaraðila sem sjóðurinn samþykkir vs beinir samningar við ráðstöfunaraðila eða samningar við EPR í öðrum ríkjum sem jafnframt sinna eftirliti.

5.2. Mótun ákvæða, skilyrða og krafna til ráðstöfunaraðila

Í samræmi við niðurstöður valkostagreiningar.

6. Samstarf við nágrannalönd

Leitað verði eftir samstarfi við samtök sem bera ábyrgð á framlengdri framleiðendaábyrgð í nágrannalöndunum varðandi samningagerð sbr. tölulið nr. 5 hér að framan og eftirfylgni með þeim samningum

6.1. Upplýsingaöflun frá EPR í nágrannalöndum
Unnið samhliða verkþætti nr. 5

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri

8. desember 2023.